

Sýslumannafélag Íslands.

Alþingi
Erindi nr. P 132/2088
komudagur 9.5.2006

Akranes 4. 5. 2006.


Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 3. þ.m. sl. fór allsherjarnefnd Alþingis fram á umsögn Sýslumannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 15/1998 og lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, 670. mál, dómstörf og kjör löglærðra aðstoðarmanna o.fl..

Stjórn félagsins hefur fjallaði um frumvarpið og gerir ekki efnislegar athugasemdir við efni þess. Engu að síður vill hún benda á að uppfæra þarf 1. gr. laganna með hliðsjón af þeim sameiningum sveitarfélaga sem koma til framkvæmda að loknum sveitastjórnarkosningum 27. maí nk. t.a.m. sameining sveitarfélaganna Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur, Hvalfjarðarstrandahreppur og Innri Akraneshreppur í eitt sveitarfélag.

Loks er bent á að í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins er tiltekið að laun skulu ákveðin af kjaranefnd en fyrir Alþingi liggur fyrir frumvarp til laga um kjararáð, 710. mál, þingskjal 1046, sem mun leysa kjaranefnd af hólmi nái það frumvarp fram að ganga.

F.h. Sýslumannafélags Íslands,



Ólafur P. Hauksson.